

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 256/2023

frá 27. október 2023

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/127 frá 18. janúar 2023 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asekínósýl í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/128 frá 18. janúar 2023 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir benalaxýl, brómoxýníl, klórsúlfúrón, epoxíkónasól og fenamífos í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/129 frá 18. janúar 2023 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asoxýstróbín, prósuífókarb, sedaxan og valífenalat í eða á tilteknum afurðum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/147 frá 20. janúar 2023 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýrómasín, tópramesón og tríflúmísól í eða á tilteknum afurðum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/163 frá 18. janúar 2023 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir DDT og oxapíapíprólín í eða á tilteknum afurðum ⁽⁵⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 17, 19.1.2023, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 17, 19.1.2023, bls. 22.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 17, 19.1.2023, bls. 56.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 20, 23.1.2023, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 23, 25.1.2023, bls. 1.

- 6) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/173 frá 26. janúar 2023 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 1-metýl-3-(tríflúorómetýl)-1H-pýrasól-4-karboxamíð (PAM), sýkloxýdím, sýflúmetófen, sýflútrín, metóbrómúrón og penþíópýrað í eða á tilteknum afurðum ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 8) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32023 R 0127:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/127 frá 18. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 17, 19.1.2023, bls. 8),
- **32023 R 0128:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/128 frá 18. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 17, 19.1.2023, bls. 22),
- **32023 R 0129:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/129 frá 18. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 17, 19.1.2023, bls. 56),
- **32023 R 0147:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/147 frá 20. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 20, 23.1.2023, bls. 1),
- **32023 R 0163:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/163 frá 18. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 23, 25.1.2023, bls. 1),
- **32023 R 0173:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/173 frá 26. janúar 2023 (Stjtið. ESB L 25, 27.1.2023, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 25, 27.1.2023, bls. 1.

- „– **32023 R 0127**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/127 frá 18. janúar 2023 (Stjtíð. ESB L 17, 19.1.2023, bls. 8),
- **32023 R 0128**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/128 frá 18. janúar 2023 (Stjtíð. ESB L 17, 19.1.2023, bls. 22),
- **32023 R 0129**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/129 frá 18. janúar 2023 (Stjtíð. ESB L 17, 19.1.2023, bls. 56),
- **32023 R 0147**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/147 frá 20. janúar 2023 (Stjtíð. ESB L 20, 23.1.2023, bls. 1),
- **32023 R 0163**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/163 frá 18. janúar 2023 (Stjtíð. ESB L 23, 25.1.2023, bls. 1),
- **32023 R 0173**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/173 frá 26. janúar 2023 (Stjtíð. ESB L 25, 27.1.2023, bls. 1).“

3. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2023/127, (ESB) 2023/128, (ESB) 2023/129, (ESB) 2023/147, (ESB) 2023/163 og (ESB) 2023/173, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.